

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð



Kennsluáætlun

Námsgrein: Textílmennt

Bekkur/hópur: 7. bekkur

Kennarar: Dagrún Irja og Olga Lind

Tímabil: 2022-2023

Lykilhæfni

Jafnt og þétt yfir veturinn er lykilhæfni nemenda metin út frá sex mismunandi þáttum og má nálgast þau viðmið á heimasíðu skólans. Viðmiðin eru stigvaxandi eftir árgöngum.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar aðalnámskrár eru lögð til grundvallar

Handverk, aðferðir og tækni

- * beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- * fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum
- * unnið með einföld snið og uppskriftir

Sköpun, hönnun og útfærsla

- * þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- * notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla
- * útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum
- * nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíl og textílvinnu

Menning og umhverfi

- * fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni
- * gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna
- * sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir
- * gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum

Námsmat

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt

markvisst orðaförða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins

Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðallega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemendanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

September

Verkefni	Aðferð	Markmið
Prufur Armbönd	Hekl	*að nem tileinki sér rétt vinnubrögð við að hekla *að nem læri að hekla loftlykkjur *að nem læri að skreyta hekl með perlum

Október - desember

Verkefni	Aðferð	Markmið
Hekl af eigin vali	Hekl	*að nem læri að hekla fastapinna *að nem læri að hekla í hring *að nem velji sér aðferð *að nem vinni eftir ákveðinni hugmynd *að nem byggji ofan á fyrri þekkingu og reynslu í textil

***Meginmarkmið: hekl**